

Reglugerð um aga- og úrskurðarmál

1. grein

LAGASTOÐ

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. grein laga Blaksambands Íslands. Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda BLÍ nema mál séu sérstaklega falið öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum BLÍ.

2. grein

MARKMIÐ

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um aga- og úrskurðarmál BLÍ. Markmið hennar er einnig að sameina öll þau mál er upp koma innan BLÍ er varða agamál, félagaskiptamál og kærur sem stjórn BLÍ og aganefnd BLÍ sáu um áður, undir einni og sama úrskurðaraðilann, aga- og úrskurðarnefnd BLÍ.

3. grein

LÖGSAGA OG HLUTVERK

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Blaksambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum BLÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ úrskurðar í öllum agamálum BLÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum, sem upp koma innan blakhreyfingarinnar. Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur nokkuð eftir þessari skiptingu.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum BLÍ, reglugerð þessari og öðrum reglugerðum BLÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Blaksambands Íslands vegna brota þeirra á lögum BLÍ, reglugerðum BLÍ og öðrum reglum.

Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Blaksambands Íslands, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 104 Reykjavík og skal BLÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4. grein

SKIPAN OG HÆFI

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ skal skipuð þremur mönnum og a.m.k. einum til vara og skal a.m.k. einn aðalmanna vera löglærður. Stjórn BLÍ skipar einstaklinga í aga- og úrskurðarnefnd. Nefndin skal kjósa sér sjálf formann nefndarinnar og leitast við að hafa hann löglærðan.

Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. tveir nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar. Nefndin skal setja sér verklagsreglur sem skulu staðfestar af stjórn BLÍ og birtar á heimasíðu BLÍ. Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef:

- a) Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila

- b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
- c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
- d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mæðgur aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í lið d.
- f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
- g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

Stjórn BLÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

5. grein

ALMENNAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR

Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt eftir því hvort um agamál er að ræða eða kærúmál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum BLÍ.

Að jafnaði er málsmeðferð aga- og kærúmála skrifleg og er nefndinni heimilt að leysa úr málum með aðstoð fjarskiptatækja, t.d. fjarfundarbúnaði eða tölvupóstum. Aðilum máls er heimilt að óska eftir munnlegri málsmeðferð. Ef brýna nauðsyn krefur getur nefndin haldið aukafund til úrslausna einstakra mála eða vegna afturköllunar úrskurða.

Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum athugasemdum frá stjórn BLÍ eða öðrum þeim er málið getur varðað.

Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til stjórnar BLÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

6. grein

SÉRSTAKAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR VEGNA AGAMÁLA

Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara BLÍ í leikjum í mótum á vegum BLÍ sem og þeim leikjum sem dómaranefnd raðar dómurum á að beiðni félaga.

Dómaranefnd BLÍ og stjórn BLÍ hafa kærurétt til aga- og úrskurðarnefndar. Jafnframt hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða um öll önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna blakleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Aðrir aðilar en að framan greinir hafa ekki kærurétt til aga- og úrskurðarnefndar.

Þó er þeim aðilum er hafa bein tengsl við leiki í mótum á vegum BLÍ heimilt að leggja fram hvers kyns gögn eða skriflegar athugasemdir til aga- og úrskurðarnefndar sem ábendingu um agabrot. Skal aga- og úrskurðarnefnd meta það sjálfstætt hvort slík ábending gefi tilefni til málsmeðferðar í samræmi við heimildir nefndarinnar skv. 7. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar. Ef ábending gefur ekki tilefni til málsmeðferðar að mati nefndarinnar er ekki þörf á formlegri eða rökstuddri ákvörðun þess efnis frá nefndinni.

Aga og úrskurðarnefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks. Þrátt fyrir framangreint er aga og úrskurðarnefnd heimilt að taka til meðferðar atvikaskýrslu dómara eða kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs hefur heimild til að gera skriflega athugasemd til aga- og úrskurðarnefndar við atvikaskýrslu dómara vegna agamáls eða kæru sem er birt forsvarsmanni viðkomandi félags fram að næsta reglulega fundi nefndarinnar, en í úrslitakeppni eins fljótt og auðið er eða innan tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur. Viðkomandi skal fá afrit gagna frá skrifstofu BLÍ. Athugasemd þessi kemur ekki veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa bann, en getur haft áhrif varðandi ákvörðun refsingar þegar mál er úrskurðað.

Í úrslitakeppni skal nefndin kvödd saman um leið og atvikaskýrsla/kæra berst. Skal nefndin kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem auðið er. Ef um er ræða síðasta leik í deildarkeppni skulu sömu reglur gilda.

7. grein

SÉRSTAKAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR VEGNA KÆRUMÁLA

Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar BLÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins. Félag getur ekki lagt fram kæru er snýr að framkvæmd þeirra leikja sem félagið ber ábyrgð á samkvæmt leikjaskrá BLÍ.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í þremur eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang
- b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang
- c) Nafn fyrirvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofnagreindum upplýsingum.
- d) Skýr kröfugerð
- e) Lýsing helstu málavaxta
- f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða sem byggt er á í málinu
- g) Lýsing á helstu röksemdum
- h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru
- i) Hvort óskað sé eftir munnlegri málsmeðferð og þá upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu BLÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku.

Kæra sem berst með rafrænum hætti á netfangið bli@bli.is telst jafngild því að kæra er send með hefðbundnum hætti.

Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir aga- og úrskurðarnefndar BLÍ til efnislegrar meðferðar.

Skrifstofa BLÍ skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærði hefur sjö (7) sólarhringa frest til að skila greinargerð í málinu. Skal greinargerðin fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til kæru, eftir því sem við getur átt. Nefndinni er heimilt að lengja þennan frest ef rökstudd beiðni kærða (varnaraðila) berst þar um.

Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort málið verði munnlega flutt en að öðrum kosti er það flutt skriflega.

Telji formaður nefndarinnar augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum BLÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafa.

8. grein

FRESTIR

Almennur kærufrestur

Kæur vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd BLÍ innan sjö (7) sólarhringa frá kærانlegu atviki. Berist kærان eftir að tímamörk eru liðin skal nefndin vísa kærunni frá.

Kæur vegna kærumála í úrslitakeppnum skulu berast aga- og úrskurðarnefnd BLÍ innan eins sólarhrings frá kærانlegu atviki. Berist kærان eftir að tímamörk eru liðin skal nefndin vísa kærunni frá nema afsakanlegt þyki að kærان hafi ekki borist fyrr eða veigamiklar ástæður mæla með því að kærان verði tekin til efnislegrar meðferðar.

Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla, sbr. staflíði a. - i. í ákvæði 7. gr. reglna þessara, hefur kærandi eins sólarhrings frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda.

Kærufrestur vegna agamála

Atvikaskýrslur dómara og kæur vegna agamála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd innan tveggja sólarhringa frá kærانlegu atviki. Ef kæra berst eftir þann frest er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi kæru frá.

9. grein

Uppkvaðning úrskurða og gildistaka þeirra

Uppkvaðning úrskurða í kærumálum og gildistaka

Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Almennt skal kveða upp úrskurð innan tveggja vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar, en þó ekki síðar en fjögurra vikna.

Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Uppkvaðning úrskurða í agamálum og gildistaka

Aga- og úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurði á miðvikudögum og skulu þeir birtir á heimasíðu BLÍ. Almennt skulu öll mál sem borist hafa til skrifstofu BLÍ með sannarlegum hætti fyrir klukkan 23:59 á mánudögum á undan tekin fyrir.

Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka almennt gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi.

Í úrslitakeppni allra flokka taka úrskurðir í agamálum gildi um leið og þeir hafa verið birtir. Það sama gildir um atvik sem gerast í síðasta leik í deildarkeppni.

Formanni nefndarinnar fyrir hönd nefndarinnar er heimilt að fela fulltrúa sínum, sem er starfsmaður BLÍ, að kveða upp úrskurði sem fela í sér sjálfkrafa leikbönn.

Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati formanns nefndarinnar, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða vegna annarra bersýnilegra mistaka í málsmeðferð eða úrskurða. Skal slíkur nýr úrskurður taka gildi á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í atvikaskýrslu dómara eða rangrar og/eða ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu BLÍ eða úrskurður bersýnilega rangur vegna annarra augljósra mistaka, þá skal aga- og úrskurðarnefndin afturkalla viðkomandi úrskurð. Í kjölfarið skal haldinn aukafundur eigi síðar en innan tveggja daga og nýr úrskurður kveðinn upp. Aga- og úrskurðarnefnd skal kveða sérstaklega upp um gildistöku úrskurðarins og viðurlaga, með hliðsjón af íþyngjandi áhrifum málsins á hinn kærða.

10. grein

Almennt ákvæði

Formaður sér um almenn nefndarstörf og samskipti við BLÍ.

Skrifstofa BLÍ skal halda utan um úrskurði nefndarinnar og birtingu þeirra.

Nefndarmenn skulu halda úti þingbók í hverju máli í tölvutæku formi þar sem fram kemur:

- a) Nöfn aðila og umboðsmanna þeirra.
- b) Hvenær mál er höfðað, þingað er í málinu og úrskurðað er í málinu.
- c) Hvort mál er flutt munnlega eða skriflega.
- d) Úrskurðarorð nefndarinnar.
- e) Önnur atriði er nefndinni þykir rétt að bókað sé í þingbók

Í lok hvers máls skal þingbók afhent Stjórn BLÍ til varðveislu.

Stjórn BLÍ er jafnframt heimilt að krefjast endurrita af öllum samskiptum nefndarmanna ef tilefni þykir til. Slík endurrit er með öllu óheimilt að birta almenningi.

Úrskurðir í kærumálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram að lágmarki:

- a) Hverjir séu aðilar máls
- b) Kröfugerð og málavaxtalýsing
- c) Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila
- d) Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar
- e) Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða
- f) Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

Afl atkvæða innan nefndarinnar ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega. Í úrskurði kærumála skal koma fram hverjir standa að baki honum.

Í úrskurðarorðum agamála skal vísa til þeirra(r) greina(r) sem úrskurður byggir á.

Nefndinni er heimilt í meiriháttar agamálum að rökstyðja úrskurð sinn.

11. grein

BIRTING ÚRSKURÐA

Skrifstofa BLÍ sendir málsaðilum úrskurði jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti til formanns blakdeildar, sem félagið hefur tilkynnt BLÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir alfarið á móttakanda.

Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir á heimasíðu BLÍ strax eftir uppkvaðningu þeirra.

12. grein

VIÐURLÖG

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:

- a) Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt úrslit hans
- b) Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan blakhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar.
- c) Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan blakhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt
- d) Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málsgrundvöllinn tilefnislausan.

Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:

- a) Áminningu eða ávítum
- b) Banni við hvers konar störfum eða aðkomu að kappleikjum
- c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum BLÍ, sem renna til BLÍ
- d) Ákveðið sektir á aðildarfélög BLÍ
- e) Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir BLÍ tiltaka og heimila.

13. grein

VIÐURLÖG VIÐ AGABROTUM

Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra og skal dómari koma kærinni til aga- og úrskurðarnefndar. Kæra er heimil geri leikmaður, þjálfari, aðstoðarmenn þjálfara eða forystumenn félags sig seka um:

1. Að gagnrýna ákvarðanir dómara.
2. Að viðhafa meiðandi eða niðrandi ummæli um leikmenn, starfsmenn leiks eða áhorfendur.
3. Aðra minniháttar óþrúðmannlega framkomu.

Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

- a) Sjái dómari sig tilneyddan til að áminna með rauðu spjaldi, brottvísun (rautt/gult í sömu hendi), skal auk þess refsast sem hér segir:
 1. **Rautt spjald, 1 refsistig.**
 2. **Brottvísun, 2 refsistig.**
 3. **Útilokun, 3 refsistig.**
- b) Dómarar skulu sjá til þess að öll spjöld séu skráð í leikskýrslur. Sé refsingunni útilokun beitt skal dómari meta það hvort hann skilar inn skýrslu innan tveggja sólarhringa vegna atviksins til aga- og úrskurðarnefndar BLÍ. Nefndin hefur þrjá sólahringa eftir móttöku skýrslunnar til þess að meta hvort að viðkomandi fái lengra bann eða ekki
- c) **Þrjú refsistig jafngildir einum leik í bann og núllast þá út þrjú refsistig, önnur haldast.**
- d) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsast með leikbanni í minnst þrjá leiki. Við ítrekun á broti komi minnst sex leikja bann.
- e) Hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotapolí. Sé sama einstaklingi aftur vísað af velli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta tveggja eða þriggja leikja banni. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotapolí. Ef einstaklingi er oftast vísað af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.
- f) Hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað vegna viljandi líkamsmeiðingar eða tilraunar til slíks þá skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í að minnsta kosti þriggja leikja bann nema atlagan hafi haft alvarlegar afleiðingar en þá er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Sé sama einstaklingi aftur vísað af velli eða keppnisstað vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta að minnsta kosti sex leikja banni nema atlagan hafi haft alvarlegar afleiðingar en þá er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Ef einstaklingi er oftast vísað af leikvelli eða keppnisstað vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

- g) Ef einstaklingur gerist sekur um viljandi líkamsmeiðingar eða tilraun til slíks, eða aðra hættulega framkomu eða meiriháttar ósæmilega hegðun gagnvart dómurum eða starfsmönnum leiks þá, skal aga og úrskurðarnefnd dæma viðkomandi í að minnsta kosti fimm leikja bann. Ef atlagan hefur haft alvarlegar afleiðingar þá hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Ef einstaklingur gerist oftari sekur um viljandi líkamsmeiðingar, aðra hættulega framkomu eða meiriháttar ósæmilega hegðun gagnvart dómurum eða starfsmönnum leiks innan sama leiktímabils þá skal aga- og úrskurðarnefnd dæma viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum sem skal að lágmarki vera út það tímabil.
- h) Brot sem varða refsingu skv. framangreindum a. til d. liða geta haft ítrekunaráhrif gagnvart hverjum öðrum. Skal aga- og úrskurðarnefnd meta í hverju og einu tilviki hvort ítrekunaráhrifa gætir og haga viðurlögum í samræmi við það.
- i) Brot í hverjum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal aga- og úrskurðarnefnd heimilt að úrskurða aðila í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.
- j) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi sem telst alvarlegs eðlis gagnvart leikamanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni í ótiltekin tíma og ef um ítrekun á broti er að ræða, getur refsing orðið, ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, lífstíðarbann.
- k) Refsingar aga- og úrskurðarnefndar er aðeins hægt að taka út í mótum á vegum BLÍ, svo sem Íslandsmótum og bikarkeppnum.
- l) Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum leiks, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að svipta viðkomandi heimilið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til BLÍ allt að fjárhæð kr. 150.000 kr. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting leikja verði úrskurðuð eða fjársekt veitt, er aga og úrskurðarnefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggara öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aga- og úrskurðarnefndar, skal svipta viðkomandi lið að lágmarki tveimur heimaleikjum og fjársekt. Aga- og úrskurðarnefnd skal meta heimiliði til málsbóta ef sannað þykir að áhorfendur útiliðs áttu upptök að, eða stærstan þátt í, hinni kærðu framkomu. Aga- og úrskurðarnefnd skal meta heimiliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg.
- m) Gerist dómari sekur um óþrúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra eða starfsmanni leiks eða öðrum viðstöddum er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að veita viðkomandi dómara áminningu, eða úrskurða hann til greiðslu sektar ef brot er ítrekað eða alvarlegt. Allur vafi skal metinn kærða í hag.
- n) Sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem ekki hefur verið vísað af leikvelli eða leikstað hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

- o) Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsfa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum og/eða sekta um allt að 100.000 kr.
- p) Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 150.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.
- q) Ef forystumaður aðildarfélags eða starfsmenn leiks gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 150.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.
- r) Brot skv. tilkynningu stjórnar BLÍ sbr. 14. gr. hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins þar á meðal áminningu, ávítur, sektir að fjárhæð kr. 150.000 og leikbann.
- s) Aganefnd er heimilt að beita öðrum viðurlögum sem lög og reglugerðir BLÍ tiltaka og heimila.

Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum á mótum BLÍ, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessara. Þó er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að fresta gildistöku agabanns, ef um er að ræða agabrot sem framið er í æfingaleik sem dómaranefnd raðar á, með þeim hætti að viðurlög skulu tekin út í hefðbundnum leikjum í mótum BLÍ.

Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur almennt ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega. Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó fyrri málsgrein.

Þjálfari, leikmaður, forystumaður eða annar aðili sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með tuttugu mínútum fyrir leik og þar til leik lýkur. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, er úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.

Frestist leikur, sem afplána skal refsingu í, skal afplánun frestast uns leikurinn fer fram. Breytingar á leikjaplani hafa ekki áhrif á tímabundið leikbann.

Úrskurðir um sektir á hendur dómurum taka þegar gildi, og er BLÍ heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómara uns sektin er greidd.

14. grein

ÓSÆMILEG FRAMKOMA

Stjórn og framkvæmdastjóra BLÍ skal vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd blaks eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega. Þegar talað er um opinberlega er átt við alla tegundir fjölmiðla; sjónvarpsmiðla, útvarpsmiðla, prentmiðla, netmiðla, heimasíður aðildarfélaganna BLÍ og samfélagsmiðla.

Stjórn og framkvæmdastjóri BLÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál eins og um kærsmål sé að ræða, eins og við getur átt.

15. grein

Félagaskipti

Rísi upp ágreiningur um félagaskipti er heimilt að kæra málið til aga- og úrskurðarnefndar BLÍ til úrlausnar.

Þegar mál er kært telst sá tími, er þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi, frá því tímamarki er málið var kært. Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að aga- og úrskurðarnefnd hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin samþykkt.

Að öðru leyti skal fara með slík mál eins og um kærsmål sé að ræða, eins og við getur átt.

16. grein

ÁFRÝJUN TIL ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS BLÍ

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls BLÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærsmålum. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls BLÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:

- a) Úrskurði nefndarinnar um þriggja leikja bann eða þyngri refsingu.
- b) Úrskurði nefndarinnar um eins mánaðar bann eða þyngri refsingu.
- c) Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 100.000 kr.
- d) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli l, m og n lið 13. greinar.
- e) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli 15. gr

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls BLÍ skal vera fimm (5) sólarhringar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól BLÍ fer að öðru leyti eftir lögum BLÍ og reglugerð BLÍ um áfrýjunardómstól BLÍ.

Áfrýjun mála til áfrýjunardómstóls BLÍ frestar réttaráhrifum úrskurðar.

17. grein

ÁFRÝJUN TIL ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS ÍSÍ

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls BLÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. nánar reglugerð BLÍ um áfrýjunardómstól BLÍ.

18. grein

ENDANLEG NIÐURSTAÐA

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar BLÍ um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls BLÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls BLÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

19. grein

LYFJAEFTIRLIT

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt gildandi lögum og reglum ÍSÍ um lyfjaeftirlit

20. grein

NIÐURFELLING REFSINGAR

Blakþingi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita úrskurðuðum aðila full réttindi að nýju innan blakhreyfingarinnar. Þetta gildir ekki varðandi refsingar vegna lyfjamisnotkunar

21. grein

GILDISTAKA

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. grein laga BLÍ og öðlast þegar gildi.